# BREYTING Á DEILISKIPULAGI ATHAFNASVÆÐIS VIÐ GRÆNHÓL




Gildandi deiliskipulag, samþykkt 25.4.2006,
með síðari breytingum.




Breytt deiliskipulag

MKV. 1:2.000




AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Lóðamörk
- A — Athafnasvæði
- V — Verslun og þjónusta: Bílaþjónusta, bensínstöð
- Opið, óbyggt svæði
- Byggingarreitur
- Byggingarreitur, bindandi byggingarlína
- Aðkomusvæði, bílastæði
- Umferðartengingar, leiðbeinandi lega
- Gatnakerfi
- Samfelld gönguleið innan lóða
- Kvöð um lagnir innan lóðar
- Afmörkun athafnasvæðis í ASAK 98

| A \| 0,4 | Starfsemi \| Nýtingarhlutfall |
|---|---|
| 8 \| 12 | Hám. hæð langhliða \| Mesta hæð byggingar |
| 6.979 | Flatarmál lóðar |

- Breyttar hæðarlínur
- Skýringarlínur
- Núverandi byggingar

Nýtt tákn

- I — Svæði fyrir dælustöð fráveitu (iðnaðarsvæði)

Breyting er gerð á deiliskipulagi athafnasvæðis við Grænhól, Akureyri. Deiliskipulagið var samþykkt 25. apríl 2006. Breyting var gerð 2008 þar sem nokkrar lóðir voru lagðar saman. Sú breyting var tekin til baka með breytingu sem samþykkt var 21. nóvember 2017.

Breytingin felst í því að gert verður ráð fyrir lóð fyrir dælustöð fráveitu, um 157,5 m², við norðurhorn Sjafnargötu. Dælustöðin verður neðanjarðar og liður á fráveitulausnum fyrir athafnasvæðið sem rísa mun við Sjafnargötu.

Gert er ráð fyrir dælustöðinni í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og hún sýnd sem iðnaðarsvæði með hringtákni.

## BREYTING Á GREINARGERÐ:

Nýr kafli: **Lóð fyrir dælustöð fráveitu.**

Lóð fyrir dælustöð fráveitu er á norðausturhorni skipulagssvæðisins austan Sjafnargötu. Byggingin verður neðanjarðar og einungis loftunartúður og mannop ofanjarðar.

## BREYTING Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI:

Sýnd er ný lóð austan Sjafnargötu nyrst á skipulagssvæðinu, merkt I (iðnaðarsvæði).

## ÁHRIFAMAT

Fyrirhugað mannvirki er liður í áætlun um fráveitu á Akureyri. Byggingin hefur engin áhrif á umhverfi sitt þar sem hún verður neðanjarðar. Minni háttar búnaður ofanjarðar hefur engin áhrif á aðstöðu eða umhverfi nærliggjandi lóðarhafa. Engar skráðar fornminjar eru á svæðinu. Næsti minjastaður er stífla í Lónsá í um 120 m fjarlægð. Breytingin hefur ekki áhrif á sérstæðar jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta verndar að lögum.

Breytingin á ekki við meginatriði deiliskipulagsins og varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og Norðurorku, sem rekur fráveitukerfi bæjarins.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð
skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr.
skipulagslaga nr. 123/2010.
Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar
12. júní 2018

f.h. [signature]

bæjarstjórinn á Akureyri

BÆJARLÖGMAÐURINN AKUREYRI

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda
16. október 2018

NORÐURORKA

AKUREYRARBÆR
SKIPULAGSDEILD

| TEIKNISTOFA ARKITEKTA<br>GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.<br>arkitektar faí<br>KAUPANGI V/MÝRARVEG<br>600 AKUREYRI | ATHAFNASVÆÐI VIÐ GRÆNHÓL, AKUREYRI | |
|---|---|---|
| | BREYTINGARBLAÐ<br>dælustöð fráveitu | VERK 07-751<br>15-251<br>BLAÐ 05 |
| HANNAÐ \| TEIKNAÐ áó | DAGS. 16. maí 2018 | |
| KVARÐI A3 1:2.000 | BREYTT | |